

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sjónvernd og blinduvarnir á Íslandi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjónvernd og blinduvarnir á Íslandi og hefur heimili og varnarþing í Reykjavík

Sjóðurinn er stofnaður af Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum svf., kt. 550269-0589, með aðsetur að Bitruhálsi 2 í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur með stofnun sjóðsins er í höfuðatriðum tvíþættur:

Að styðja við framgang augnlækninga og að stuðla að forvörnum gegn blíndu á Íslandi.

Þessum tilgangi hyggjast stofnendur sjóðsins ná með því að setja sér eftirfarandi markmið:

1. Að stuðla að því með fjárfamlögum að tækjakostur til augnlækninga á Íslandi geti verið með því besta sem þekkist í heiminum.
2. Að styrkja framgang augnlækninga og blinduvarna á Íslandi.

Náist þessi markmið, er það ætlun stofnenda sjóðsins, að augnlækningar og blinduvarnir á Íslandi verði með því allra besta sem þekkist í heiminum.

Mun sjóðstjórn vinna að þessum markmiðum með því að ná samvinnu við stjórnendur augnlækningadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss í samvinnu við læknadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Stofnframlag er 10.000.000 – tíu milljónir króna – og er lagt fram af Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum svf., kt. 550269-0589, Bitruhálsi 2 í Reykjavík.

Tekjur sjóðsins eru tekjur af ávoxtun hans og framlög stofnanda og annarra, sem leggja honum til fjármagns.

Ávaxta skal fjármuni sjóðsins hjá innlendu fjármálafyrirtæki.

Dagleg umsjón með fjármunum sjóðsins og reikningshald skal vera í höndum Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga svf.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, en reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga svf. og birtir með ársreikningi félagsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af stjórn stofnanda og forstöðumaður augnlækningadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss. Varamenn skulu tilnefndir fyrir sér hvern stjórnarmann. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarstörf eru ólaunuð, en rekstrarkostnað fyrir sjóðinn skal greiða af sjóðsfé.

5. gr.

Verkefni stjórnar sjóðsins eru að ákveða hvert veita skal fjármunum sjóðsins til að uppfylla þau markmið hans, sem um getur í 2. gr. Við styrk til tækjakaupa getur stjórnin ákveðið að kaupa eða taka á leigu tæki og síðan gefið það, leigt það eða lánað til lækninga, allt eftir því, sem stjórnin telur að best falli að markmiðum sjóðsins hverju sinni.

Nr. 434

30. apríl 2007

Þá skal stjórnin bera ábyrgð á að fé sjóðsins, sem ekki er úthlutað, sé ávaxtað með tryggilegum og arðbærum hætti.

6. gr.

Sjóðstjórn hefur heimild til að koma á fót fulltrúaráði Sjónverndar og blinduvarna á Íslandi. Verkefni þess verður að veita ráðgjöf til sjóðstjórnar varðandi blinduvarnir og augn-lækningar á Íslandi. Í fulltrúaráði sjóðsins skulu sitja menn frá ýmsum greinum atvinnulífs á Íslandi, sem eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að tilgangur sjóðsins, eins og hann er fram settur í 2. gr., náist. Seta í fulltrúaráði er ólaunuð og ber sjóðstjórn að setja því starf-reglur, þ.m.t. um kjör til fulltrúaráðs.

Fulltrúaráðið skal koma saman tvívar á ári hið minnsta.

7. gr.

Það er í ákvörðunarvaldi stjórnar Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga svf. að breyta ákvæðum skipulagsskrár þessarar eða að leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til málefna sem tengd eru tilgangi sjóðsins.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því, sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Umsagnar og staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki skal leitað á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. apríl 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2007